

Nd.

437. Frumvarp til laga

[228. mál]

um breyting á lögum nr. 48, 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins sbr. lög nr. 69, 23. maí 1974 um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Í stað 6. gr. laganna sbr. 2. gr. laga nr. 69, 23. maí 1974 komi ný grein, svohljóðandi:

Lagmetisiðnaðurinn telst iðnaður eins og hann er skilgreindur í lögum og greiðir iðnlánasjóðsgjald lögum samkvæmt.

Lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn útflutningsgjöldum af sjávarafurðum.

2. gr.

Í stað 7. gr. laganna komi ný grein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins hefur það hlutverk, að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu. Þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis.

Eigi má verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingum í framleiðslutækjum eða mannvirkjum þeirra.

Iðnaðarráðherra fer með yfirstjórn sjóðsins og setur reglugerð um starfsemi hans.

Iðnaðarráðherra er heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi.

3. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 8. gr. svohljóðandi:

Greiða skal til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu 1. janúar 1978 til 31. desember 1980 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum hrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og af útfluttu lagmeti.

Fullvinnslugjald þetta skal vera 3% af fob-verði hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis.

Um gjalddaga og innheimtu gjaldsins fer á sama hátt og segir um útflutningsgjald í lögum nr. 5, 13. febrúar 1976.

4. gr.

8. gr. laganna verður 9. gr. og 9. gr. laganna verður 10. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1978.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fullvinnslugjald samkvæmt lögum þessum skal ekki leggja á, ef sölusamningur um vöruna hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978, og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 48, 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins var stofnuninni lagt til óendurkræft framlag úr ríkissjóði, 25 milljónir króna ár hvert, fyrstu fimm starfsárin. Ennfremur var ákvæði í lögum um stofnun sérstaks sjóðs til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans.

Sjóður þessi hlaut nafnið Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins. Tekjur hans voru ákveðnar öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum næstu fimm ár frá samþykkt laganna.

Með lögum nr. 69/1974 um breytingu á lögum nr. 48/1972 var lögfest að lagmetisiðnaðurinn skyldi undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, en þó skyldi innheimta útflutningsgjöld þessi til ársloka 1977 og renna til fyrrnefnds Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Í lögnum er og ákvæði þess efnis, að þegar framlög ríkissjóðs og ákvæði um útflutningsgjöld falla niður, skuli meirihlutaaðild ríkissjóðs að stjórn stofnunarinnar, sem jafnframt er stjórn Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, breytast og aðilar stofnunarinnar tilnefna þrjá stjórnarmenn af fimm.

Í frumvarpi þessu, sem flutt er, ásamt athugasemdum, að beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis, er lagt til, að Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins verði í næstu þrjú almanaksár tryggðar sambærilegar tekjur og hann hefur haft að undanfögnu og að hlutverk sjóðsins verði skilgreint nánar en nú er gert. Ekki er lagt til að aðrar breytingar verði gerðar á lögnum en nauðsynlegar eru vegna framangreinds.

Reynslan sýnir, þrátt fyrir batahorfur nú, að ekki hefur á s.l. 5 árum tekist að efla útflutning á íslensku lagmeti að því marki er vonir stóðu til í upphafi. Þar hefur margt komið til, svo sem tollastefna EBE gagnvart Íslendingum í kjölfar fiskveiðideilna, efnahagssamdráttur í mikilvægum markaðslöndum og ýmislegt fleira, sem nánar verður vikið að í þessari greinargerð. Af þessum ástæðum hafa samtök lagmetisframleiðenda og stjórn S.L. farið þess á leit, að stofnunin hljóti næstu 3 árin stuðnings við útflutning, vöruþróun og markaðsöflun lagmetis í því formi að tekjur Þróunarsjóðs verði þetta tímabil hliðstæðar því sem nú er, en þó verði þeirra aflað á annan hátt.

Meginbreyting á tekjuöflun Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skv. þessu frv. er sú, að gert er ráð fyrir að leggja 3% fullvinnslugjald bæði á útflutt söltuð grásleppuhrogn og söltuð eða fryst þorskhrogn, en hverfa frá 6% útflutningsgjaldi á útflutt grásleppuhrogn, sem runnið hefur í Þróunarsjóð. Í þessu frv. er að sjálf-sögðu ekki kveðið á um hvort umræddu 6% útflutningsgjaldi á grásleppuhrogn verði jafnframt haldið og það látið renna í sjóði sjávarútvegsins til þess að sjómenn, sem veiða grásleppu, njóti þeirra á hliðstæðan hátt og sjómenn, sem stunda aðrar veiðar.

Hugmyndin um framangreint fullvinnslugjald sem tekjustofn fyrir Þ.l. kom fram í álitni nefndar, sem skipuð var fulltrúum iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og S.L. sbr. forskj. nr. 1, en þar er nánar grein gerð fyrir gjaldinu og útreikningum á því.

Jafnframt því að í frv. er gert ráð fyrir álagningu fullvinnslugjalds á grásleppu- og þorskhrogn í stað útflutningsgjaldsins áður, er ráðgert að innheimta í Þróunarsjóð 1% gjald af fullunnu, útfluttu lagmeti, en skv. nógildandi lögum er um magn-gjald á fullunnið lagmeti að ræða. Þessi breyting leggur ívið þyngri byrðar á framleiðendur lagmetis til útflutnings en nú er gert skv. gildandi lögum, en með þessum hætti leggja þeir á sig hliðstæðar álögur og framleiðendur hrognanna. Að meðaltali þrefaldast hráefni í verði sem fullunnið lagmeti og er því 1% gjald á fullunna vöru hliðstætt 3% gjaldi á hráefni. Þótt samkeppnisaðstaða framleiðenda lagmetis til útflutnings sé mjög erfið um þessar mundir, hafa þeir samþykkt að leggja á sig þessar auknu byrðar til þess að tryggja öflugt starf Þróunarsjóðsins í næstu 3 ár.

1. Fjárhagur S.L.

Sölustofnun lagmetis hefur fengið 25 m.kr. framlag úr ríkissjóði ár hvert, í fyrsta sinn árið 1973. Á árinu 1976 var upphæðin þó skert um 2.3 m.kr. þannig að í heild nemur framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar 122.7 m.kr. í árslok 1977. Skv. þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir framlengingu þessa styrks svo sem áður segir.

Skv. efnahagsreikningi pr. 31.12.'76 er eigið fé S.L. liðlega 12 m.kr. og á árinu 1977 má áætla að rekstrarafgangur verði ekki fjarri 17 m.kr. Af framlagi ríkissjóðs verða því notaðar í rekstur nálægt 94 m.kr. á framangreindum 5 árum, mest fyrstu árin, en eftir munu standa sem eigið fé S.L. um það bil 29 millj. króna nú í árslok, þegar beinum stuðningi ríkissjóðs lýkur.

Fyrstu ár Sölustofnunar lagmetis reyndust fjárhagslega erfið. Auk mikils manna-halds var ráðist í að kaupa umbúðir til stofnunarinnar í því skyni að tryggja framleiðendum nægar tiltækar umbúðir hverju sinni. Afleiðingar þessarar innkaupa-stefnu urðu m. a. þær að stofnunin safnaði miklum lausaskuldum, einkum á árunum 1974 og 1975. Í kjölfar efnahagskreppu og sölutregðu á þessum árum reyndist enn-fremur mannhald of kostnaðarsamt. Síðari hluta árs 1975 var horfið frá framangreindri innkaupastefnu í samráði við framleiðendur. Stofnunin samræmir innkaup, annast hönnun umbúða, o. s. frv. eftir sem áður og veitir framleiðendum margvislega innkaupabjónustu gegn gjaldi, en framleiðendur sjálfir bera fjárhagsábyrgð á umbúðakaupum hver til sín. Um sama leyti var gripið til margvislegra ráðstafana til sparnaðar í mannahaldi og rekstri stofnunarinnar. Þetta ásamt verulegri sölu-aukningu síðari ár hefur gerbreytt rekstrargrundvelli S.L.

Neðangrein yfirlit er unnið úr reikningum S.L. fyrir árin 1975 og 1976 og fyrstu þrjá ársfjórðunga 1977 svo og áætlun um tekjur og gjöld í okt.—des. nú í ár. Frá eru dregin gjöld og afskriftir, sem komu á reikningsárið 1976 vegna mistaka frá fyrri árum (sú upphæð er skv. reikningi 1976 11.1 m.kr.):

	1975	1976	1977
Gjöld :			áætlun
1) Laun og launatengd gjöld	20 107	19 213	27 761
2) Skrifstofukostnaður	5 470	5 132	6 894
3) Húsnæðiskostnaður	3 892	4 905	1 842
4) Ferða- og sölukostnaður	8 277	6 207	7 321
5) Ráðgjafabjónusta	2 307	868	2 300
6) Vextir	12 152	6 559	7 000
7) Afskriftir	1 823	2 406	2 700
8) Útflutningsmál	2 893	167	—
	56 871	45 457	55 818
Afskriftir umbúða	—	7 265	—
Gjöld fyrri ára	—	3 875	—
	56 871	56 597	55 818
Tekjur :			
1) Sölu-laun af útflutningi	13 299	19 204	36 987
2) Brúttóhagnaður vörusölu	12 655	2 300	4 200
3) Afsláttur og umboðslaun	5 440	7 170	4 000
4) Vaxtatekjur	2 835	6 971	2 900
	34 229	35 644	48 078
Halli af rekstri	22 642	20 953	7 740
Framlag ríkissjóðs	25 000	23 700	25 000
	2 358	2 747	17 260

Með áframhaldandi aðhaldi í rekstri Sölustofnunarinnar er ætlunin að hún standi á eigin fótum framvegis, enda stefnt að því að sérstök verkefni í markaðsmálum og útflutningsstarfsemi, sem hafa langtímamarkmið, verði í ríkara mæli kostuð af Þróunarsjóði en nú er.

Í þessu sambandi skal þó bent á, að yfir 60% sölulauna S.L. síðustu ár stafa frá viðskiptum við einn kaupanda (Sovétríkin) og er það augljóslega áhættusamt fyrir stofnunina meðan svo er.

Útdráttur úr reikningum S.L. er á fskj. nr. 2 og vísast til þeirra um nánari upplýsingar varðandi fjárhag stofnunarinnar umrætt tímabil og stuðning ríkissjóðs við hana.

2. Útflutningur á íslensku lagmeti.

Þau fimm ár, sem S.L. hefur starfað, hafa verið mikil umbrotaár. Í kjölfar hækkana á olíu varð kreppa á þróuðustu mörkum heimsins. Þetta hafði mikil áhrif á eftirspurn eftir íslensku lagmeti auk þess sem tollastefna Efnahagsbandalagsins hafði í raun það í för með sér að útiloka svo til með öllu sölu á íslensku lagmeti í EBE-löndum. Þegar samningar tókust í landhelgisdeilunni tók samningur Íslendinga við Efnahagsbandalagið gildi. Tollar, sem voru allt að 30%, féllu niður hinn 1. júlí 1977 á kaviar og rækju, skv. þeim samningi, en verða 10% framvegis á öðru lagmeti, þó er sjólax undanskilinn, en tollur á honum er 30%. (Sjá nánar á fskj. nr. 3).

Þar sem svo skammt er liðið frá því að tollalækkarnir í EBE löndum komu að fullu fram, verður litlu um það spáð hversu fljótt tekst að hagnýta þennan mikla og aðgengilega markað. Fullvist er þó að það tekur mikinn tíma og verulegum fjárhæðum þarf að kosta til. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að önnur merki hafa setið að markaðinum og nýtt vörumerki þarf bæði tíma og auglýsingu til þess að ná hylli neytenda. Hafa verður í huga, að lagmeti er fullunnin neytendavara sem aðrar útfluttar matvörur frá Íslandi eru ekki. Samkeppni á slíkum merkjavörumarkaði er mikil og sölustarf allt erfiðara en þegar um vöru er að ræða, sem ekki er unnin að fullu í hendur hins endanlega neytanda.

Hér fer á eftir stutt yfirlit um útflutning á íslensku lagmeti 1973—1977 eftir markaðssvæðum, eða þau ár, sem S.L. hefur starfað. Tölur fyrir árið 1977 eru að sjálf-sögðu að nokkru áætlaðar, en mega þó teljast marktækar, þar sem svo langt er á árið liðið og samningar gerðir um nær alla sölu á árinu.

	1973	1974	1975	1976	1977 áætlað
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
EBE	32,7	36,2	91,6	54,9	152,4
EFTA	1,7	12,1	5,0	11,6	30,9
A-Evrópa	115,9	95,0	248,4	484,3	911,2
N-Ameríka	23,9	158,8	15,3	51,0	159,2
Japan	23,0	124,7	46,9	—	—
Önnur lönd	1,0	7,8	1,7	5,6	19,2
	198,2	434,5	408,9	607,4	1 272,9
Markaðshlutdeild:	%	%	%	%	%
EBE	16,5	8,3	22,4	9,0	12,0
EFTA	0,9	2,8	1,2	1,9	2,4
A-Evrópa	58,5	21,8	60,7	79,7	71,6
N-Ameríka	12,0	36,3	3,7	8,5	12,5
Japan	11,6	28,7	11,5	—	—
Önnur lönd	0,5	1,8	0,5	0,9	1,5
	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Athyglisvert er, þegar þessar tölur eru skoðaðar, að búist er við tvöföldun á verðmæti útflutts lagmetis 1977 frá árinu áður og verulegri magnaukningu. Ástæður fyrir þessu eru einkum þrjár. Meira magn er nú flutt til Sovétríkjanna af gaffalbitum en nokkru sinni áður hefur tekist að selja þangað. Þó eykst sala ekki hlutfallslega meira þangað en til annarra markaða, svo sem til EBE-landa í kjölfar tollalækkana. Þriðja meginástæðan er meiri sala í Bandaríkjunum, eftir mikla söluörðugleika þar á árunum 1975 og 1976, en S.L. hefur komið á fót söluskristofu í N.Y. með lágmarksstarfsliði. Sú starfsemi hófst síðari hluta árs 1976 og hefur þegar skilað nokkrum árangri. Nánar verður fjallað um þessa tilraun síðar. Þessi árangur á árinu 1977, sem náðst hefur á öllum stærstu mörkuðunum samtímis, bendir til þess að horfur séu góðar næstu árin einkum, ef tekst að vinna það markaðsstarf í Evrópu og á nýjum markaðssvæðum, sem stefnt er að með áframhaldandi tekjuöflun í Þróunarsjóð.

Annað, sem athygli vekur við lestur framangreindra taflna er að 1974 er mikið magn af lagmeti flutt til Bandaríkjanna og Japan. Einkaumboðsaðili S.L. í Bandaríkjunum keypti þetta magn, sem var kippers, rækja og kaviar, en reyndist ófær um að selja þessa vöru. Síðar var hluti vörunnar seldur með undirboðum á markaðinum og við þær aðstæður tók fyrir frekari útflutning á íslensku lagmeti til Bandaríkjanna fram til síðari hluta árs 1976. Japanir keyptu 1974 mikið magn af niðursoðinni loðnu. Eftirspurn hins almenna neytanda reyndist minni en kaupandinn reiknaði með. Í Japan mun fryst loðna vera þýdd og þurrkuð. Með þeim hætti fæst af henni sérkennilegt bragð, sem ekki er af niðursoðinni loðnu. Auk þess er niðursoðin loðna fremur dýr og hafði því kreppan í Japan á þessum árum áhrif á eftirspurn neytenda. Með framangreindar staðreyndir í huga verður að meta útflutnings-tölur um íslenskt lagmeti frá 1974 og síðar.

Þriðja meginatriðið sem í ljós kemur við athugun á framangreindum tölum, er sú staðreynd að útflutningur til Sovétríkjanna á gaffalbitum, er um árin nær 70% af útflutningi af lagmeti. Þetta sýnir mikilvægi markaðarins en um leið hversu lagmetisíðnaður hér á landi er háður þessum eina markaði. Stefna verður því að eflingu markaðsstarfs víðar, um leið og leitast er við að viðhalda þessum viðskiptum við Sovétríkin, sem nú hafa staðið óslitið á annan áratug.

Sala einstakra tegunda lagmetis hefur verið sem hér segir 1973—1977, hjá enn-fremur fskj. nr. 4 um útflutning lagmetis:

Vörutegund	Áætl.				Áætl.			
	1977 net. tn.	1976 net. tn.	1975 net. tn.	1974 net. tn.	1977 fob. 000	1976 fob. 000	1975 fob. 000	1974 fob. 000
Kaviar	68,7	44,6	40,8	156,1	75,9	45,0	36,432	69,219
Rækja	90,5	54,2	41,4	32,9	83,5	34,9	23,464	36,516
Þorskhrogn	71,2	88,8	354,1	322,5	21,9	29,100	76,578	39,263
Harðfiskur	—	0,3	—	—	—	422	—	—
Þorsklifur	141,1	77,7	83,9	116,5	64,1	31,789	28,108	22,303
Sildarfl.	15,9	1,8	2,4	9,4	11,8	827	1,045	2,734
Kippers	226,6	58,4	29,2	215,9	119,5	27,381	12,632	76,251
Brisling	13,6	5,6	0,6	29,4	7,7	2,950	217	6,048
Murta	30,7	18,0	1,4	15,9	19,9	10,819	760	6,005
R.sild.fl.	4,2	2,9	0,6	0,7	3,1	1,773	370	206
Gaffalbit.	1 060,0	626,7	303,1	150,0	819,8	421,566	175,473	50,643
Þorsklif.p.	0,9	1,1	13,8	6,0	0,7	506	4,620	1,493
Cockt.bits	—	—	—	—	—	14	—	—
Loðna	21,3	0,4	129,5	265,0	9,3	192	46,957	111,257
Ýmislegt	—	—	0,2	—	—	179	130	—
Hörpudiskur ...	17,8	—	1,8	—	33,1	—	1,485	—
Fiskibollur	—	—	4,8	—	—	—	432	—
Svið	—	—	1,2	—	—	—	238	—
	1 762,7	980,5	1 008,8	1 320,3	1 270,3	607,422	408,941	421,938

Ýmsar nýjar tegundir.

Unnið er að því að hanna, framleiða og kynna ýmsar aðrar vörutegundir á vegum S.L. og Þróunarsjóðs. Má þar m. a. telja niðursoðin og niðurlögð síldarflök, fiskbollur, súpur, loðnu, kattamat, túbukaviar o. fl. Þessar tilraunir eru komnar mislangt á veg og of snemmt að spá um hvernig takast muni til að koma þessum nýju tegundum á markað.

3. Verkefni Þróunarsjóðs.

Fyrstu starfsár S.L. var verksvið Þróunarsjóðs skilgreint nokkuð þröngt, en með reglugerðarbreytingu (Reglugerð nr. 364/76 sjá fskj. nr. 5) voru verkefni sjóðsins aukin. Þau má greina í eftirtalda meginþætti:

- a. Sérstakar tímabundnar markaðsaðgerðir.
- b. Þróun nýrra vörutegunda og markaðssetning þeirra.
- c. Hönnun og framleiðsla nýrra umbúða með merki S.L.
- d. Styrkveitingar vegna tækninýjunga og hagræðingar í lagmetisiðnaði.
- e. Stuðning við þjálfun starfsfólks.

Sjóðurinn hefur varið til þessara verka og almennt til rekstrar á tímabilinu um það bil 55 millj. kr. auk þess sem hann hefur í raun staðið undir fjármögnun á umbúðabirgðum, sem keyptar voru áður en stefnubreyting varð í þeim efnunum og framleiðendur tóku sjálfir að bera ábyrgð á umbúðakaupum.

Til að sinna þessum verkefnum hefur Þróunarsjóður haft tekjur af útflutningsgjöldum á útflutt grásleppuhrogn 6% og lagmeti, en af því er samkvæmt núgildandi reglum reiknað magnjald kr. 5 960 á hvert tonn. Þessar tekjur hafa numið sem hér segir frá 1972—1977:

	Lagmeti m.kr.	Grásleppuhrogn m.kr.	Samtals m.kr.
1972	1,9	4,0	5,8
1973	5,5	13,5	19,0
1974	7,0	8,4	15,4
1975	7,6	32,0	39,6
1976	6,3	51,0	57,3
1977 (áætl.)	7,0	47,0	54,0

a. Sérstakar tímabundnar markaðsaðgerðir.

Á seinni árum hefur þetta orðið meginverkefni Þróunarsjóðs og er ætlunin að auka og efla þetta starf mjög verulega, ef þetta frumvarp verður að lögum og tekjur sjóðsins haldast næstu ár.

Stofnun söluskrifstofu Iceland Waters í Bandaríkjunum síðari hluta ársins 1976 hefur fram til þessa verið fjárfrekasta verkefni Þróunarsjóðs á þessu sviði. Gerð var áætlun um rekstur fyrirtækisins í 3 ár, en eftir þann tíma var þess vænst að það stæði á eigin fótum með eðlilegum umboðslaunum. Tekin var ákvörðun um að Þróunarsjóður greiddi halla þessa dótturfélags S.L. umræddan tíma, sem einkonar fjárfestingu, sem ætti að bera arð í framtíðinni, ef tækist að hagnýta nægilegan hluta af þessum stærsta markaði heims fyrir lagmeti. Upphæðin, sem áætlað var í fyrstu að verja þyrfti í þessu skyni, var 25 millj. kr. en sýnt er, að endurskoða þarf þá tölu til hækkunar í ljósi reynslunnar, ekki síst vegna þess að erfitt mun að bjóða kippers á samkeppnishæfu verði í Bandaríkjunum svo sem fram hefur komið áður.

Reynslan hefur sýnt, að útilokað má teljast að ná betri árangri í lagmetissölu í Bandaríkjunum eftir öðrum leiðum, þ. e. a. s. með því að hafa þar umboðsaðila fyrir sig, og er því annað hvort að hrökkva eða stökkva á þessum markaði, þ. e. a. s.

annað hvort er að halda þessari starfsemi áfram eða gefa þennan markað að meira eða minna leyti frá sér.

Innan skamms verður reynt að endurmeta með hvaða hætti takast megi að reka þessa skrifstofu hallalaust sem fyrst, en of skammur tími er liðinn til þess að það endurmat verði gert af nokkru raunsæi. Hafa verður í huga að markaðsstarf er tímafrekt og dýrt, ekki sist þegar skipuleggja þarf frá grunni, eins og gert hefur verið í Bandaríkjunum af hálfu S.L. síðan 1976. — Nánar vísast til fskj. nr. 6 um rekstur og sölu IWI í Bandaríkjunum.

Annað meginverkefni Þróunarsjóðs á sviði sérstakra tímabundinna markaðsaðgerða hefur verið stuðningur við að bjóða kaviar á kynningarverði í Frakklandi um nokkurt skeið.

Þessi viðleitni, sem gera þarf með gætni, hefur kostað sjóðinn um 4 m.kr. á yfirstandandi ári og hefur þegar borið nokkurn árangur.

Framtíðarverkefni á þessu mikilvæga sviði eru mikil og fjárfrek. Þar mætti sérstaklega til nefna allsherjarátak í kaviarsölu og opnun lítillar söluskrifstofu í Evrópu og markaðsstarf á nýjum mörkuðum, t. d. í Nígíeríu.

Augljóst er, að þetta eru meiri og dýrari langtímaverkefni en svo, að Þróunarsjóður eða S.L. fái við þau ráðið nema til þess séu tryggðar tekjur eins og stefnt er að með þessu frumvarpi.

b. Þróun nýrra vörutegunda og markaðssetning þeirra.

Á þessu sviði var starfsemi Þróunarsjóðs mest fyrstu árin. Gerðar voru margar uppskriftir af nýjum vörutegundum og hefðbundnar tegundir athugaðar og uppskriftum í framleiðslu þeirra breytt. Þetta var fjárfrekt fyrirtæki, kostnaður nam 22 millj. krónum. Nú er unnið að því að undirbúa tilraunaframleiðslu og sölu á álitlegustu vörutegundunum. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins hefur haft góða samvinnu við Þróunarsjóð á þessu sviði, en skort hefur starfsfólk á sviði matvæla- verkfræði við þetta starf. Nú er fyrirhugað að ráða til Þróunarsjóðs nýjan starfsmann í stað þess, sem annaðist mál sjóðsins áður, en sá hefur hætt störfum. Í athugun er að fá til þessa starfs matvæla- verkfræðing, sem ætlunin er að stjórni þessu og öðru þróunarstarfi á vegum sjóðsins.

c. Hönnun og framleiðsla nýrra umbúða með merki S.L.

Þetta hefur verið viðamikil verkefni Þróunarsjóðs og verður svo áfram. Menn virðast samdóma um, að mjög vel hafi tekist til í þessum efnum og að umbúðir 'CELAND WATERS' merkisins séu smekklegar og líklegar til að auka sölu varanna.

d. Styrkveitingar vegna tækninýjunga og hagræðingar í lagmetisiðnaði.

Þetta verkefnasvið Þróunarsjóðs hefur ekki verið fyrirferðarmikið fram til þessa. Í samræmi við óskir framleiðenda hefur starfað sérstakur vélfræðingur á vegum sjóðsins, sem veitt hefur fyrirtækjunum þjónustu og verið starfsfólki S.L. til ráðuneytis um tæknileg atriði.

Auk þess hafa sérfræðingar á vegum Vinnuveitendasambands Íslands starfað tímabundið að hagræðingarmálum og við framleiðslukostnaðarreikninga.

e. Stuðningur við þjálfun starfsfólks.

Þessum verkefnum þ.l. þarf að sinna mun betur en tekist hefur til þessa. Sjóðurinn hefur þó stutt að námskeiðahaldi í þessum efnum. Þekking á niðursuðu og niðurlagningu matvæla er almennt of lítil hér á landi. Finna þarf leiðir til þess að auka þessa þekkingu m. a. með því að kenna þessi fræði í Fiskvinnsluskólanum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

1. og 2. mgr. greinarinnar eru efnislega samhljóða samhljóða 1. málslíð 6. gr. laganna eins og henni var breytt með lögum nr. 69, 23. maí 1974, en efni 2. málslíðar um stofnun sérstaks sjóðs er flutt í nýja grein, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Í 1. og 2. mgr. er hlutverk Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins skilgreint að nýju til samræmis við þann skilning, sem lagður hefur verið í lokaákvæði 6. gr. og ákvæði 1. mgr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Lagt er til að hætt verði að innheimta jafngildi útflutningsgjalda af söltuðum grásleppuhrognum og lagmeti til útflutnings, en í staðinn verði lagt 3% gjald á fob-verð saltaðra grásleppuhrognna, saltaðra matarhrognna, frystra hrognna og 1% gjald á lagmeti til útflutnings og renni gjald þetta til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Gjald þetta skal innheimta árin 1978, 1979 og 1980 og það falla niður 1. janúar 1981.

Breyting þessi hefur í för með sér, að innheimt verður útflutningsgjald af söltuðum grásleppuhrognum á tíðkanlegan hátt frá 1. janúar 1977 til ráðstöfunar skv. lögum nr. 5, 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Jafnframt er lagt til að innheimt verði 3% gjald af söltuðum grásleppuhrognum, svo og öðrum hrognum til manneldis. Gjald þetta er nefnt fullvinnslugjald til að leggja áherslu á, að tekjum af því er ætlað að stuðla að aukinni fullvinnslu sjávarafurða í landinu, en ætla má að útflutningsverðmæti hráefnis, sem notað er í lagmeti þrefaldist við fullvinnslu.

Þá er lagt til, að fullvinnslugjald verði einnig lagt á fob-verð lagmetis til útflutnings. Lagt er til að gjald þetta verði 1% af fob-verðmæti vörunnar, sem jafngildir að meðaltali 3% gjaldi á hráefnisþátt útflutningsverðmætis lagmetis. Fyrr var lagt útflutningsgjald á lagmeti, sem var ákveðin krónutala á útflutt tonn af lagmeti, magngjald, og mun það á þessu ári nema að meðaltali 0.7% af fob-verði útflutts lagmetis.

Lagt er til að gjalddagi fullvinnslugjaldsins verði hinn sami og útflutningsgjalda af sjávarafurðum og um innheimtu gjaldsins fari á sama hátt og um innheimtu útflutningsgjalda.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin taki gildi hinn 1. mars 1978.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt þykir, til að taka af allan vafa, að taka fram í bráðabirgðaákvæði, að fullvinnslugjald skuli ekki leggja á þá vöru, sem sölusamningur hefur verið gerður um fyrir 1. mars 1978, enda sæki útflytjandi um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978. Með ákvæðinu er því komið í veg fyrir að fullvinnslugjald sé lagt á vöru, sem þegar hefur verið seld og ekki hefur gefist kostur á að taka tillit til gjaldsins við ákvörðun verðs vörunnar.

Fylgiskjal 1

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Heildarútfutningur 1974—1976 ásamt fyrstu 9 mánuðum 1977.

Skipt á vörutegundir.

Vörutegund	1977		1976		1975		1974		1977		1976		1975		1974	
	jan.-sept. nettó tonn	nettó tonn	nettó tonn	nettó tonn	nettó tonn	nettó tonn	nettó tonn	nettó tonn	jan.-sept. Fob.-vm. m.kr.	Fob.-vm. m.kr.	jan.-sept. Fob.-vm. m.kr.	Fob.-vm. m.kr.	jan.-sept. Fob.-vm. m.kr.	Fob.-vm. m.kr.	jan.-sept. Fob.-vm. m.kr.	Fob.-vm. m.kr.
Kavíar	36,3	44,6	40,8	156,1	41,5	45,0	36,4	69,2	—	—	—	—	—	—	—	—
Reekja	66,1	54,1	41,3	32,8	57,6	34,9	23,5	36,5	—	—	—	—	—	—	—	—
Porskhrogn	17,2	88,8	354,1	322,5	6,3	29,2	76,6	39,3	—	—	—	—	—	—	—	—
Harðfiskur	—	0,2	—	—	—	0,4	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Porsklifur	98,0	77,7	83,9	116,6	43,2	31,8	28,1	22,3	—	—	—	—	—	—	—	—
Sildarflok	11,7	1,8	2,4	9,4	8,9	0,8	1,0	2,7	—	—	—	—	—	—	—	—
Kippers	137,1	58,4	29,2	215,9	69,5	27,4	12,6	76,3	—	—	—	—	—	—	—	—
Brisling	10,0	5,6	0,6	29,4	5,7	2,9	0,2	6,0	—	—	—	—	—	—	—	—
Murta	23,5	18,1	1,4	15,9	15,1	10,8	0,8	6,0	—	—	—	—	—	—	—	—
Reykt sildarflok	0,1	2,9	0,6	0,7	0,0	1,8	0,4	0,2	—	—	—	—	—	—	—	—
Gaffalbitar	581,6	626,7	303,2	150,0	439,8	421,6	175,5	50,6	—	—	—	—	—	—	—	—
Porsklifrapasta	0,9	1,1	13,8	6,0	0,7	0,5	4,6	1,5	—	—	—	—	—	—	—	—
Loðna	6,5	0,4	129,6	265,0	2,8	0,1	47,0	111,3	—	—	—	—	—	—	—	—
Hörpudiskur	4,3	—	1,7	—	7,9	—	1,5	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Fiskibollur	—	—	4,8	—	—	—	0,4	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Svíl	—	—	1,2	—	—	—	0,2	—	—	—	—	—	—	—	—	—
Ýmislegt	—	0,1	0,2	—	—	0,2	0,1	—	—	—	—	—	—	—	—	—
	993,3	980,5	1 008,8	1 320,3	699,0	607,4	408,9	421,9	—	—	—	—	—	—	—	—

Fylgiskjal 2

SÖLUSTOFNUN LAGMETIS

Aðildarverksmiðjur sem flutt hafa út lagmeti á vegum SL árið 1976
og janúar—september 1977.

Verksmiðjur	1977 (jan.-sept.)		1976	
	Fob-verðm. 000 kr.	Hlutdeild í heildarútl.	Fob-verðm. 000 kr.	Hlutdeild í heildarútl.
Fiskiðjan Arctic hf.	38 999	5,58	59 553	9,80
Fiskiðja Suðurnesja	1 205	0,17	22 885	3,77
K. Jónsson & Co. hf.	354 827	50,76	303 537	49,97
Norðurstjarnan hf.	69 889	10,00	27 393	4,51
Ora hf.	23 920	3,42	14 934	2,46
Lagmetisiðjan Siglósild	159 529	22,82	167 323	27,55
Egilssild	75	0,01	1 787	0,29
H. Bøðvarsson & Co. hf.	16 019	2,29	6 279	1,03
Delta hf.	757	0,11	—	—
Miðnes hf.	10 661	1,53	2 957	0,49
Sjólástóðin hf.	15 235	2,18	—	—
Íslensk matvæli hf.	7 895	1,13	—	—
Atli hf.	—	—	172	0,03
Aðrir	—	—	602	0,10
	699 011	100,00	607 422	100,00